

Starfsáætlun leikskólans Álfabergs

2015 – 2016

Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem áætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðslusviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Inngangur	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	5
2.4 Matsáætlun	5
2.1 Innra mat leikskólans.....	5
2.2 Húsnæði og lóð.....	5
2.3 Ytra mat.....	6
2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	6
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	7
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	7
4. Starfsmannamál	7
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí.....	7
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	7
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	7
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	8
5. Aðrar upplýsingar	9
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	9
5.2 Foreldrasamvinna.....	9
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	10
5.4 Almennar upplýsingar	10
5.5 Áætlanir	10
Fylgirit.....	11
• Matsgögn.....	11
• Leikskóladagatal	11
• Umsögn foreldraráðs.....	11
• Annað	11

1. Inngangur

Hvað einkenndi árið, starfsmannahald, helstu verkefni, viðburði o.þ.h.

Skólaárið 2014 – 2015 sóttum við um styrk í nýsköpunarsjóð og fengum 1,6 milljón króna. Markmið verkefnisins var að auka þekkingu starfsmanna á snemmtækri íhlutun og læsi og þróa stefnu leikskólans hvað þann þátt varðar. Styrkurinn var nýttur til að styrkja allt starf leikskólans og sameinuðust stjórnendur í að leiða það áfram. Verkefnið tókst vonum framan og óx metnaður starfsmanna, styrkur og öryggi í starfi. Öflug fræðsla til allra starfsmanna fór fram og hópurnin skipulagði og vann verkefnið sem ein heild. Gerðar voru áætlanir sem unnið var eftir, efniviður tengt læsi kynntur og fleira. Unnið var að því að gera starfsmannahópinn öruggan í að vinna eftir hugmyndafræði snemmtæktrar íhlutunar og áætlanir hvað það varðar gerðar. Til þess að mæta þessu verkefni var starfsmannahópurinn sammála um að eftir áramótin yrði lögð áhersla á þessa þætti og hvíla lotuvinnu fram að hausti 2015. Lögð var áhersla á að styrkja okkur í að skilgreina betur vinnuna okkar með börn sem eru í svokölluðum þriðja flokki og fá sérkennslu. Enn var sá hópur mjög fjölmennur hjá okkur. Unnið var með sjónrænt dagskipulag á öllum deildum, allir kennarar voru með boðskiptahálsmen og leitast var við að styrkja enn frekar starfsmenn í að vinna með málþroska. Að sjálfsögðu var einnig unnið með stærðfræði, lífleikni, listir, hreyfingu og fleira. Við lögðum áfram áherslu á SMT-skólafærni og útskrifaðist einn deildarstjóri okkar með grunnmenntun á árinu. Nýir starfsmenn fengu fræðslu en allt skólaárið á upprifjun og endurmat sér stað. Breyting var gerð á kaffitímum starfsmanna og er nú einn kaffitími í hádeginu. Meira rými skapaðist fyrir faglegt starf og meiri ró varð yfir öllu á morgnana. Við breyttum kaffitímum og höfðum þriggja mánaða reynslutíma en að því loknu vildi hópurnin halda í nýtt skipulag.

Starfsmannakönnun var lögð fyrir á vegum Skólapúlansins og voru niðurstöður hennar góðar en nokkra þætti þurfti hópurnin að ræða og endurmeta og var það gert í maí og úrbótaáætlun gerð í kjölfarið.

Það var ánægjulegt þetta árið að stöðugleiki var í starfsmannahópnum og lítil endurnýjun að hausti sem og um áramót.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.4 Matsáætlun

- Hvaða þætti leikskólastarfsins er áætlað að meta?
Áætlað er að meta útiveru og samverustundir á komandi skólaári.
- Hvenær/ hve oft verður metið (skipulag matsins)?
Matið mun fara fram í október og aftur í maí. Gerðar verða umbótaáætlanir í kjölfarið.
- Hvaða matsaðferðir / matsgögn er áætlað að nýta.
Stjórnendur útbúa matsblað sem starfsmenn fylla út. Unnið í hópum.
- Hverjir munu taka þátt í matinu?
Allir starfsmenn.

2.1 Innra mat leikskólans

- Hvaða þættir leikskólastarfsins voru metnir? (ath. að það þarf að meta allt starf leikskólans á 5 ára fresti).

Mælt er með að greint sé frá hverjum matsþætti fyrir sig t.d. með eftirfarandi hætti:

1. Hvað var metið t.d. hópastarf, samverustundir, matmálstímar, útivera, o.s.frv.
 - Hvenær/hve oft
Lotuvinna var metin vorið 2014. Þar sem fyrir lá að leikskólinn færi af stað með þróunarverkefni í snemmtækri íhlutun og læsi var ákveðið að unnið yrði með þá sérstaklega og að lotuvinna yrði hvíld þetta skólaárið í þeirri mynd sem hún hefur verið.
 - Hvernig var það metið – hvaða matsgögn voru notuð.
Umræða fór fram á starfsmannafundi og ákveðið var að fella niður lotuvinnuna og vinna með öðrum hætti.
 - Hverjir tóku þátt í matinu
Allir starfsmenn.
 - Hverjar voru helstu niðurstöður matsins.
Fram kom ánægja með lotuvinnu en í ljós kom að starfsmenn myndu vilja að hver lota yrði í 2 mánuði í staðin fyrir 1. Mun það verða haft að leiðarljósi þegar lotuvinna verður tekin aftur upp, að öllum líkindum ekki fyrr en skólaárið 2016 – 2017 þar sem unnið verður áfram með snemmtæka íhlutun og læsi, sem og að stærðfræði mun bætast við.

2.2 Húsnæði og lóð

- Hver lagði mat á húsnæði og lóð og helstu niðurstöður þess, samanber fylgiskjöl.

Framkvæmdasvið lagði mat á húsnæði og lóð. Leikskólanum hefur ekki borist sú úttekt þegar þessi áætlun er gerð.

2.3 Ytra mat

Skólaskrifstofan stendur fyrir foreldrakönnunum annað hvert ár (síðast 2013) og starfsmannakönnun sem framkvæmd var nú í febrúar 2015 af Skólapúlsinum. Einnig má huga að því í matinu hvort að menntamálaráðuneyti eða aðrir aðila hafi gert mat á síðasta ári og ef svo er þarf að koma fram:

- Skólapúlsinn.
- Kanna líðan starfsmanna, viðhorf til starfsins, viðhorf til stjórnanda og fleira.
- Lagður var fyrir rafrænn spurningalisti.
- Helstu niðurstöður.

Helstu niðurstöður voru þær að í ljós kom almenn starfsánægja og viðhorf til starfsins var gott, einnig viðhorf til stjórnanda. Samstarf innan leikskólans og starfsaðstaða kom jafnframt vel út. Starfsfólk kallaði eftir auknum undirbúningstíma til að sinna starfinu betur og af meira öryggi, einnig var óskað eftir meiri fræðslu.

- Umbætur út frá niðurstöðum ytra mats.

Á skipulagsdegi í maí var unnið með þá þætti sem stjórnendur töldu að þyrfti að ræða með starfsmannahópnum eftir könnun Skólapúlsins. Enginn af þeim þáttum kom illa út en töldu stjórnendur mikilvægt að eiga samræður um þá. Hér er átt við þætti eins og hvernig taka megji sem best á móti nýju starfsfólki, börnum, foreldrasamskipti, áreitni í starfi og hvað hún feli í sér, álag í starfi og fleira. Það sem stóð upp úr samræðunum var að veikindi og fjarvera starfsmanna hafa margvísleg áhrif, skapa álag og streitu í starfi og hamla faglegu starfi.

2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Þegar þessi áætlun er unnin hefur ekki náðst að vinna upp niðurstöður og setja upp umbótaáætlun en stefnt er að því að gera það sem fyrst í ágúst.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Áherslur leikskólans næsta starfsár, aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun.

1. Verkefni

- Áframhaldandi vinna með snemmtæka íhlutun, læsi og stærðfræði. Við þurftum að styrkja okkur enn frekar í stærðfræðivinnu eins og vinnu með Numicon og einingakubba þó svo að margt gott sé nú þegar gert. Ábyrgðarmenn eru stjórnendur. Stendur yfir allt skólaárið.
- Halda áfram að styrkja okkur í læsi og vinna með allan þann efnivið og kennsluefni sem við eigum til. Vinna áfram með sjónrænt dagskipulag og boðskiptahálsmen, þróa áfram og gera skilvirkara. Ábyrgðarmenn eru stjórnendur. Stendur yfir allt skólaárið.
- Styrkja starfsmannahópin í enn frekari vinnu með spjaldtölvur. Leikskólastjóri og verkefnastjóri í UT. Allt skólaárið.
- Hafa markvissari eftirfylgni með þeim málum sem vísað er í samráðsteymi. Fylgja eftir úrræðum sem sett eru fram, skrá, mæla, styðjast við áhorf og endurmat fer reglulega fram. Stjórnendur fylgja eftir ásamt deildarstjórum. Það verður settur kraftur í þetta strax að hausti og unnið með allt skólaárið.
- SMT-skólafærni. Hafa stöðuga upprifjun og eftirfylgni með að verið sé að nýta verkfærin og þau notuð á réttan hátt. Styrkja alla í að leggja inn reglur. SMT-teymið fylgir eftir og hefur ábyrgð. Áætlun er tilbúin fyrir skólaárið.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólakennari	7	6,7	Leikskólakennaramenntun
Leikskólaleiðbeinandi A	2	1,68	
Leiðbeinendur	19	16,8	

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í maí og júní 2014. Í ár tók aðstoðarleikskólastjóri öll viðtölin vegna námsleyfis leikskólastjóra. Almenn ánægja starfsmanna kom fram í viðtölunum og metnaður fyrir komandi skólaári áberandi.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)

Á síðasta skólaári fengu allir starfsmenn leikskólans 2 fyrirlestra á vegum Ásthildar Bj. Snorradóttur sem tengdust læsi og snemmtækri íhlutun. Hanna Halldóra Leifsdóttir kom einnig með 2 fyrirlestra sem fjölluðu um tvítyngi barna og hvernig best er að mæta þörfum þeirra. Fenginn var fyrirlesari frá Hagvangi, Sigurjón Þórðarson, sem fjallaði um samskipti og starfsánægju. Elísa R. Ingólfssdóttir kom og var með fyrirlestur fyrir allan starfsmannahópinn um viðhorf til barna og fleira. Á skipulagsdegi fengu allir starfsmenn námskeið í hvernig vinna á með spaldtölvu í starfi með börnum sem og námskeið í K-pals. Leikskólastjóri var með fyrirlestur fyrir alla um viðverustjórnun, framkvæmd og verkferla innan leikskólans. Aðstoðarleikskólastjóri sótti námskeið í starfsþróun stjórnenda á vegum HR. Einn deildarstjóri útskrifaðist úr grunnmenntun PMT. Einn starfsmaður sótti nýliðanámskeið á vegum Skólaskrifstofu. Stjórnendahópurinn sótti vinnudag tengt PMT og fékk góðan fyrirlestur um viðhorf barna, o.fl. Einn starfsmaður sótti námskeið í atferlisþjálfun. Deildarstjórar sóttu námskeið á eigin vegum eins og: íslenski þroskalistinn, Hljóm, o.fl. Síðasta skólaár sóttu fáir námskeið á vegum Skólaskrifstofunnar, fræðsla og símenntun fór að mestu leyti fram í leikskólanum fyrir allan hópinn þar sem við vorum að vinna að verkefninu okkar tengt snemmtækri íhlutun og læsi. Fjórir fagfundir voru þetta skólaárið og auka starfsmannafundir vegna verkefnisins. Leikskólastjóri lauk meistaraþrúfgráðu í stjórnun menntastofnana.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Símenntunaráætlun leikskólans (áherslur í fræðslu út frá umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum).
Starfsmannahópurinn þarf að fá endurmenntun í skyndihjálp. Stefnt er að fyrirlestri um starfsánægju fyrir áramótin. Nýtt verður fjármagn úr símenntunarsjóði. Einnig fer einn deildarstjóri á grunnmenntunarnámskeið í PMT. Stefnt er að því að sækja sem flest námskeið sem boðið verður upp á hjá Skólaskrifstofu og Kraganámskeið. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri munu halda áfram að fjalla um samskipti á vinnustað, starfshætti leikskólans, viðverustjórnun og stefnt er að því að kynna orkustjórnunarnámskeið sem þeir sóttu í upphafi árs 2015. Stjórnendahópur leikskólans mun halda áfram að miðla fræðslu tengt læsi og stærðfræði og nýttir verða skipulagsdagar og starfsmannafundir.
- Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).
Ekki er fyrirhugað að fara í námsferð á komandi skólaári. Ekki hefur verið ákveðið hvaða ráðstefnur eða málþing áætlað er að sækja.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí.

- Fjöldi barna í leikskólanum.
94
- Kynjahlutfall.
Stúlkur 39
Drengir 55
- Dvalarstundir.
783,8
- Deildargildi.
5,24
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki.
6
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað).
37
- Fjöldi barna með ofnæmi.
3
- Fjöldi barna með fæðuóþol.
4
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku.
13
- Fjöldi tungumála.
6
- Þjóðerni forsjáraðila (fjöldi Pólverja, Spánverja, o.s.frv.).
Litháíska 1
Rúmenska 2
Spænska 1
Portúgalska 2
Rússneska 1
Pólska 18

5.2 Foreldrasamvinna

Á Álfabergi er lögð sérstök áhersla á góð samskipti og samvinnu við foreldra. Við leggjum okkur fram við að foreldrar viti að við viljum hlusta á þeirra skoðanir og viðhorf. Foreldrasamvinna er mikilvæg fyrir barnið og ánægjulega leikskólagöngu. Kennarar og foreldrar vinna saman að markmiðum og með hreinskiptum samskiptum gengur allt betur.

- Foreldraráð (fjöldi fulltrúa, hvenær er kosið, framkvæmd starfsins).
Á haustfundi leikskólans voru 4 fulltrúar kosnir í foreldráð. Foreldraráðið hittist reglulega ásamt foreldraráði ásamt leikskólastjóra.
- Foreldrafundir (dagsetningar, fyrirkomulag).

Foreldrafundur var haldinn 25. september og var skólaárið kynnt fyrir foreldrum. Kosið var í foreldraráð og foreldrafélag. Mjög fáir foreldrar mættu og þurfti að leita eftir fleiri foreldrum til þess að taka þátt í starfi foreldraráðs og foreldrafélags. Að því loknu var Ásthildur Bj. Snorradóttir með fyrirlestur fyrir foreldra um snemmtæka íhlutun og læsi en sárt var hversu fáir foreldrar mættu.

- Foreldraviðtöl (fyrirkomulag, tímabil).

Boðið er upp á foreldrasamtöl í kringum afmælisdag barnsins en samtölin eru fleiri ef þörf þykir á. Deildarstjóri eða hópstjóri boðar í samtölin.

- Foreldrafélag.

Í foreldrafélagi voru 6 fulltrúar þetta skólaárið. Stóð það fyrir skemmtilegum upptækum fyrir börnin. Foreldrafélagið hittist reglulega yfir skólaárið.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

- Áætlun vetrarins. Kennarar leik- og grunnskólans hittast í ágúst og setja niður skipulag vetrarins. Við erum bæði í sérstöku samstarfi innanhúss en einnig með 1. bekkjunum og leikskólanum Norðurbergi. Það sem hefur þróast í samstarfinu við grunnskólann og Norðurberg er, ljósaganga tengt degi eineltis í nóvember, samstarf tengt degi leikskólans og degi íslenskrar tungu, við förum í heimsókn á Norðurberg og heimsóknir í 1. bekki grunnskólans að vori.
- Samstarfsverkefni ef einhver eru. Innanhúss höfum við á Álfabergi unnið með 1. bekkjum í hringekju. Síðast liðið ár var því háttað þannig að þau hittust í u.þ.b. einu sinni í viku í 10 vikur í senn þar sem unnið var á stöðvum þar sem unnin voru fjölbreytt verkefni, m.a. í stærðfræði og íslensku, útiveru o.s.frv. Á degi leikskólans, 6. febrúar ár hvert koma grunnskólanemendur til okkar og þá er komið saman í samveru og allir fara á valfund og síðan er leikið saman. Á degi íslenskrar tungu koma grunnskólabörn úr 4. bekk til okkar og lesa fyrir eina til tvær deildir. Leikskólinn hefur sameinast leikskólanum Norðurbergi og grunnskólanum í ljósagöngu sem farin var á degi eineltis. Gengið var um nær umhverfið okkar með luktir og vasaljós og var foreldrum boðið með. Leikskólanum er einnig boðið á samverustund hjá 1. bekk sem haldin er að morgni og þá sýna grunnskólabörnin atriði. Einnig er okkur boðið að koma á Helgileik fyrir jólin í Víðistaðakirkju. Bókasafnsfræðingur grunnskólans tekur á mótum okkur og kynnir bókasafnið og les fyrir okkur sögu. Leikskólabörnin hafa einnig hitt grunnskólabörnin á skólalóðinni og farið með þeim í leiki.
- Áframhaldandi samstarf verður á komandi skólaári og er í stöðugri þróun. Áætlun liggur ekki fyrir þegar þessi starfsáætlun er sett fram. Leikskólinn hefur aðgang að íþróttasal, bókasafni, tölvustofu og heimilisfræðistofu í grunnskólanum.

5.4 Almennar upplýsingar

- Skipulagsdagar (dagsetningar og upplýsingar um hvaða skipulagsdagar eru á sama tíma og skipulagsdagar í grunnskólum).
Skóladagatal leikskólans er óbreytt frá því sem Skólaskrifstofan gaf út fyrir skólaárið 2015 – 2016.

5.5 Áætlanir

Eftirtalar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
 - einelti – er á neti
 - ofbeldi – er í vinnslu
 - annað
- Viðbragðsáætlun við.
 - Slysum – er á neti
 - áföllum – er á neti
 - annað
- Öryggisáætlanir
 - Rýmingaráætlun – er á neti
 - Vinnuverndaráætlun – er í vinnslu
 - Öryggishandbók – er á neti
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna) – móttökuáætlun barna er á neti en verið er að endurvinna móttökuáætlun starfsmanna.
- Jafnréttisáætlun – er á neti

Fylgirit

- Matsgögn
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs
- Annað

Hafnarfirði

Leikskólastjóri